



Ársskýrsla BLÍ

2019-2020



Efnisyfirlit

Stjórn BLÍ.....	3
Nefndir BLÍ	4
Fjöldi blakiðkenda frá 1969 og fulltrúar á blakþingi árið 2020	5
Skýrsla stjórnar BLÍ 2019-2020.....	7
Stjórn og framkvæmdastjórn	7
Móta- og dómaramál	7
Fjölmíðlar og samskipti	8
Blakfólk ársins	8
Erlend samskipti.....	8
Fjármál	8
Framtíðin.....	9
Skýrsla mótanefndar BLÍ	9
Skýrsla yngriflokkaneftndar BLÍ	10
Skýrsla strandblakneftndar	11
Skýrsla landsliðsneftndar	13
Skýrsla dómaraneftndar BLÍ	21
Ársreikningur 2019.....	22
Viðaukar.....	33

Blaksamband Íslands

2019-2020

Stjórn BLÍ

Formaður	Grétar Eggertsson
Varaformaður	Stefán Jóhannesson
Gjaldkeri	Árni Jón Eggertsson
Ritari	Kristín Harpa Hálfðánardóttir
Meðstjórnandi	Svandís Þorsteinsdóttir
Varastjórn	Sigurbjörn Árni Arngrímsson Steinn Einarsson Ragnheiður Sigurðardóttir (hætti á miðju tímabili)
Framkvæmdastjóri	Sævar Már Guðmundsson
Verkefnastjóri	Óli Þór Júlíusson

Nefndir BLÍ

Mótanefnd

Sigurbjörn Árni Arngrímsson
Andri Hnikarr Jónsson
Óskar Þórðarson

Landsliðsnefnd

Stefán Jóhannesson
Kristján Geir Guðmundsson
Steinn Einarsson

Dómaranefnd

Leifur Harðarson
Jón Ólafur Valdimarsson
Sævar Már Guðmundsson

Yngriflokkanefnd

Steinn G. Einarsson,
Friðrika Marteinsdóttir
Guðrún Kristín Einarsdóttir
Halldór Elvarsson
Kolbrún Lára Vilhelmsdóttir
Sigríður Þrúður Þórarinsdóttir
Stella I. Steinþórsdóttir
Svandís Þorsteinsdóttir

Aganefnd

Hreggviður Norðdahl
Jón Gunnar Sveinsson
Þorvaldur Sigurðsson

Strandblaknefnd

Guðmundur Hauksson, formaður
Sigríður Pálsdóttir hætti haust 2019
Sigurður Garðar Barðason
Sandra B. Magnúsdóttir hætti haust 2019
Arnar Már Sigurðsson
Benedikt Baldur Tryggvason

Skoðunarmenn reikninga

Davíð Búi Halldórsson
Hjörtur Halldórsson

Fjölmiðlafulltrúar

Stefán Jóhannesson
Sævar Már Guðmundsson

Fjöldi blakiðkenda frá 1969 og fulltrúar á blakþingi árið 2020

ár	fjöldi	ár	fjöldi	ár	fjöldi	ár	fjöldi
1969	206	1982	2519	1995	1961	2008	2076
1970	237	1983	2426	1996	1592	2009	2005
1971	479	1984	2362	1997	1592	2010	2013
1972	649	1985	2362	1998	1217	2011	2316
1973	855	1986	2775	1999	1662	2012	2337
1974	1334	1987	2955	2000	1862	2013	2785
1975	1609	1988	2906	2001	1345	2014	2987
1976	1974	1989	2869	2002	1786	2015	3149
1977	2257	1990	2718	2003	1981	2016	3323
1978	2501	1991	2567	2004	1830	2017	3193
1979	2567	1992	2200	2005	1624	2018	3439
1980	2579	1993	2074	2006	1827	2019	3195
1981	2513	1994	1848	2007	1918		

Héraðssamband	Félag	Fj. iðkenda	Fj. fulltrúa	Héraðssamband	Félag	Fj. iðkenda	Fj. fulltrúa
HHF		20	1	ÍRB		49	1
	ÍFB	20	1		Keflavík	49	1
HSH		179	1	ÍS		7	1
	UMFG	69	2		Umf.Þróttur	7	3
HSK		194	1	UÍA		428	1
	UMFL	76	1		Leiknir F.	74	1
	UMFH	45	1		Valur	84	1
	Dímon	29	1		Einherji	63	2
	Hamar	23	3		Huginn	15	2
HSV		172	1		Þróttur N.	167	4
	Vestri	131	4	UÍF		152	1
HSP		211	1		BF	152	4
	Efling	42	1	UMSB		15	1
	Völsungur	108	4		Íslendingur	11	1
ÍA		29	1	UMSE		123	1
	Bresi	29	1		Rimar	77	1
ÍBA		304	1	UMSK		646	1
	KA	295	4		HK	285	4
ÍBH		81	1		Álftanes	42	4
	Haukar	81	1		Afturelding	157	4
ÍBR		250	1		Gróttá	33	1
	Fram	55	1	UMSS		19	1
	Þróttur R.	100	4		Umf. Hjalti	19	1
	ÍK	43	1	USÚ		186	1
	Fylkir	90	3		Sindri	186	2
ÍBV		11	1	USVH		14	1
	ÍBV	11	1		Kormákur	14	1

USVS 50 1

Samtals fjöldi fulltrúa frá héraðssamböndum: 21

Samtals fjöldi fulltrúa frá félögum: 71

Dagskrá

48. ársþing BLÍ, haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal í Reykjavík, laugardaginn 13. júní 2020, kl. 10.00

1. Þingsetning, kosning þingforseta og ritara
2. Kosning í starfsnefndir þingsins;
 - a) Kjörbréfanefnd
 - b) Fjárhagsnefnd,
 - c) Laganefnd,
 - d) Allsherjarnefnd,
3. Skýrsla stjórnar
4. Reikningar síðasta starfsárs
5. Ávarp fulltrúa ÍSÍ
6. Ávarp annarra boðsgesta
7. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs
8. Laga- og leikreglnabreytingar
9. Aðrar tillögur og mál lögð fyrir þingið
10. Umræður um framkomin mál og tillögur

Þinghlé

11. Nefndarstörf
12. Nefndarálit, tillögur og atkvæðagreiðslur
13. Ákveðið gjald ævifélaga
14. Önnur mál
15. Kosningar;
 - a) tveggja meðstjórnenda til tveggja ára,
 - b) þriggja í varastjórn til eins árs,
 - c) tveggja skoðunarmanna reikninga

Þingslit

Skýrsla stjórnar BLÍ 2019-2020

Stjórn og framkvæmdastjórn

Þingheimur 47. ársþings BLÍ kaus Grétar Eggertsson, formann BLÍ. Hann tók við af Jasoni Ívarssyni sem hafði setið í 14 ár samfleytt. Þau Árni Jón Eggertsson og Svandís Þorsteinsdóttir voru kosin í stjórn sambandsins til tveggja ára. Fyrir í stjórn voru Stefán Jóhannesson og Kristín Harpa Hálfðánardóttir. Í varastjórn voru þau kosin Sigurbjörn Árni Arngrímsson, Steinn Einarsson og Ragnheiður Sigurðardóttir en sú síðastnefnda sagði af sér í september 2019.

Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt: Varaformaður, Stefán Jóhannesson, gjaldkeri Árni Jón Eggertsson, ritari Kristín Harpa Hálfðánardóttir og meðstjórnandi Svandís Þorsteinsdóttir.

Sævar Már Guðmundsson var áfram framkvæmdastjóri sambandsins í fullu starfi og með honum á skrifstofunni var Óli Þór Júlíusson verkefnastjóri. Samkomulag var gert á milli UMSK og BLÍ um að verkefnastjóri BLÍ yrði í hlutastarfi hjá UMSK, sem á móti greiddi hluta af launakostnaði verkefnastjóra. Tvö full stöðugildi voru hjá sambandinu á starfsárinu.

Stjórnin hélt 15 bókaða fundi á starfsárinu. Þess á milli höfðu stjórnarmenn töluverð samskipti með tölvubréfum og símtölum.

Í maí var settur upp vinnufundur BLÍ, að frumkvæði stjórnar BLÍ, þar sem mörg málefni voru skoðuð frá grunni. Þátttaka í vinnufundinum var frábær og góðar hugmyndir fæddust þennan laugardag í maí. Stjórn BLÍ hefur notað niðurstöður vinnufundarins í vinnu sinni við skipulag sambandsins í vetur og ljóst að sú vinna sem unnin var af blakhreyfingunni hefur gagnast sambandinu og mun gera það áfram.. Áfram er unnið að markmiðunum sem sett hafa verið.

Móta- og dómaramál

Íslandsmótið sem kláraðist snögglega vegna heimsfaraldurs Kórónuveirunnar var umfangsmikið að venju. Leikið var í fjórum deildum karla og 7 deildum kvenna. Alls voru 102 lið í Íslandsmóti BLÍ á þessu leiktímabili.

Í Mizunodeild karla léku 6 lið og 6 lið í Mizunodeild kvenna. Fjögur efstu liðin í hvorri deild áttu að leika í úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitil þar sem vinna þurfti tvo leiki í undanúrslitum og þrjá í úrslitum. Því miður þurfti BLÍ að aflýsa þessari keppni vegna COVID19.

Fyrir deildakeppnina var spilað um meistara meistaranna 2019 þar sem Íslandsmeistarar mæta bikarmeisturum. Leikið var á Hvammstanga fyrir fjölda áhorfenda og blakdeild Kormáks fengin til að sjá um þessa leiki. Íslandsmeistaralið KA varð meistari meistaranna í kvennaflokki eftir leik gegn HK en Íslandsmeistaralið KA vann titilinn í karlaflokki eftir sigur á Álftanesi. Báðir leikirnir voru spennandi og umsjónaraðila þakkað fyrir frábæra umgjörð á Hvammstanga.

Rafræn leikskýrsla hefur fest sig í sessi í íslensku blaki. Tölfræðihluta forritsins þarf þó að bæta og eru uppi áætlanir um að aðstoða félögin enn meira í náinni framtíð en því miður eru of fáir sem hafa náð fullkomnum tókum á innsætti á tölfræðinni.

Verðlaun fyrir Mizunolið fyrri hlutans voru afhent á blaðamannafundi í desember um leið og blakfólki ársins voru afhent sín verðlaun. Lið ársins var kunngjört á heimasíðu BLÍ í byrjun maí en verðlaunaafhending fer fram í tengslum við ársþing BLÍ.

Samstarfið við Kjörís vegna Bikarkeppni BLÍ gengur vel. Keppnin heitir Kjörísbikarinn en úrslitahelgin átti að vera í Digranesi dagana 13.-15. mars. Því miður þurfti að fresta keppni þar sem eitt liðanna var sett í sóttkví á leikdegi. Á endanum var keppni aflýst vegna heimsfaraldurs.

Fjöldi dómara stendur í stað ár frá ári og því gekk ágætlega að fá dómara til starfa. Það er samt töluvert langt í land að fjöldi dómara sé nægjanlegur. Þar verða félögin að senda fleiri þátttakendur á þau dómaramámskeið sem eru í boði.

Alþjóðlegir dómamarar BLÍ fengu að venju fjölmörg verkefni á starfsárinu. Sævar og Jón Ólafur dæmdu báðir á Smáþjóðaleikunum í Svartfjallalandi í júní 2019 og stóðu sig vel. Báðir hafa dæmt í Evrópukeppni félagsliða í vetur og fóru þeir á sitthvort NEVZA mót unglunga í október.

Fjölmiðlar og samskipti

Fjölmiðlaumfjöllun um blak hefur ekki verið upp á marga fiska þetta leiktímabil og eru það blakfréttir.is sem bera höfuð og herðar yfir aðra miðla hvað umfjöllun um blak það er sorglegt hvernig farið er fyrir íþróttum í fjölmiðlum á Íslandi og þeir fréttamenn sem starfa í greininni hafa lítinn sem engan áhuga á blaki og því er ekkert fjallað um íþróttina. Það er ljóst að Blaksambandið og hreyfingin í heild þarf vera samstíga um það markmið að auka alla umfjöllun um íþróttina og það er áskorunin og verkefnið fyrir næsta keppnistímabil. Það er á okkar ábyrgð að koma fréttum um íþróttina til fjölmiðla á meðan við erum stödd á þeim stað sem við erum í dag. Samfélagsmiðlar eru sífellt stærri hluti af umfjöllun og sýnileika íþróttar og þar hefur facebook síða Blaksambandsins verið helsti vettvangurinn en einnig er Instagram nýtt þegar um stærri viðburði er að ræða.

Blaksambandið gerði samning við erlendan aðila um beint streymi frá leikjum í Mizunodeildinni. Streymið var á heimasíðu BLÍ og eru leikir aðgengilegir á síðunni eftir að þeim er lokið og um ókomna tíð. Hér er um gríðarlega stórt skref að ræða fyrir hreyfinguna og vonumst við til að þessi leið verði jafnvel stækkuð og meira gert úr þessu í nánustu framtíð. Einfaldleikinn við að horfa á blak er til staðar og er auðvelt fyrir íþróttafréttamann á fjölmiðli að fylgjast með beint úr sætinu sínu fyrir framan tölvu.

Heimasíða sambandsins er upplýsingasíða sem allir geta leitað. Ekki má líta á heimasíðuna sem fjölmiðil en inn á hana fara þó allar helstu tilkynningar sem sambandið þarf að koma frá sér.

Samskipti við fjölmiðla hafa helst verið í gegnum heimasíðu BLÍ eða með tölvubréfum. Auka þarf samskipti við fjölmiðla beint til þess að auka umfjöllun um íþróttina.

Blakfólk ársins

Ævarr Freyr Birgisson og Helena Kristín Gunnarsdóttir voru blakfólk ársins 2019. Á árinu unnu þau bæði til fjölmargra verðlauna og bar þar hæst þátttaka þeirra í landsliðunum, en bæði landsliðin áttu góðu gengi að fagna á árinu. Ævarr Freyr er leikmaður Maríenlyst í Danmörku og Helena Kristín leikmaður KA sem varð í fyrsta sinn Íslands- og bikarmeistari árið 2019.

Erlend samskipti

Framkvæmdastjóri BLÍ fór á tæknifund NEVZA í Osló í Noregi í apríl 2019 en þar eru rædd þau sameiginlegu málefni milli N.Evrópu landanna. Formaður BLÍ fór á ársþing CEV í nóvember en þar sótt hann einnig fundi NEVZA og SCA. Guðmundur Helgi Þorsteinsson situr í stjórn CEV og í stjórn SCA og aðstoðar Blaksambandið í málefnum tengdum Evrópu.

Fjármál

Velta sambandsins jókst milli ára og var um 69 milljónir árið 2019. Rekstur sambandsins gekk þokkalega og stendur á núlli en aukin umsvif undanfarin ár hafa verið krefjandi. Ber þar helst að nefna þátttöku landsliðanna í riðlakeppni EM en fyrirkomulagið er okkur mjög dýrt þar sem hótélverð á Íslandi er of hátt. Nánari upplýsingar eru í ársreikningi fyrir árið 2019.

Framtíðin

Keppnistímabilið 2019-2020 tók skjótan endi og allar stóru stundinar sem hafa aukið sýnileika íþróttarinnar, úrslitakeppni Íslandsmóts, lokahelgi Kjörísbikarsins, Öldungamót og Íslandsmót yngri flokka var aflýst. Það er því mjög mikilvægt að koma sterk til baka eftir þennan vetur. Það er því mikil ánægja að sjá þá þróun sem hefur er að gerast í Strandblakinu og aukningin á þeim fjölda iðkenda sem bæði æfa og keppa skiptir hreyfinguna miklu máli eftir erfiðan keppnisvetur.

Til þess að vaxa og eflast að þá þurfum við að huga vel að grasrótinni og barnastarfinu. Huga þarf að því hvernig útbreiðslustefna íþróttarinnar á að vera, hvernig við fáum inn fleiri iðkendur og hvernig eflum við allt faglegt starf bæði hjá sambandinu og félögunum. Í vetur hefur verið starfandi, á vegum yngri flokka nefndar, fagrúð sem var skipað fjölbreyttum hópi aðila sem hafa komið að þjálfun og starfi yngri flokka. Fagrúðið skilaði af sér tillögum til yngri flokka nefndar með þeim úrbótum sem talið var þörf á að gera til að efla umhverfið í kringum yngri flokka starfið.

Framundan hjá Blaksambandinu er að vinna enn frekar úr þeim verkefnum sem komu fram á vinnufundi í maí 2019 og þar eru mörg mikilvæg verkefni sem þarf að koma í framkvæmd. Skýr markmið og stefnumótun til næstu ára eru þar einna mikilvægust. Eitt skrefið er tekið með tilkomu þjálfaramenntunar BLÍ og það er gífurlega mikilvægt að ná þessu skrefi.

Rekstur sambandsins er, eins og undanfarin ár, ávallt áskorun og það er eitt af stóru verkefnum stjórnar sambandsins að tryggja að reksturinn sé í jafnvægi. Það er ljóst að mikilvægt er að fjölga samstarfsaðilum og um leið að halda áfram góðu samstarfi við núverandi samstarfsaðila.

Stjórn Blaksambands Íslands þakkar stuðningsaðilum og öllum þeim sem störfuðu í þágu hreyfingarinnar á síðasta starfsári fyrir gott samstarf. Við sjáumst á vellinum þar sem við munum halda áfram uppbyggingu og útbreiðslu blaks á Íslandi.

Stjórn Blaksambands Íslands

Skýrsla mótanefndar BLÍ

Fyrir keppnistímabilið 2019-2020 var Sigurbjörn Árni Arngrímsson skipaður formaður mótanefndar BLÍ og með honum í nefndinni voru Andri Hnikarr Jónsson og Óskar Þórðarson. Óli Þór Júlíusson er mótastjóri og vinnur það í samstarfi við mótanefnd.

Keppni hófst með leikjum í meistarakeppni BLÍ þar sem Íslandsmeistaralið KA í karla og kvennaflokki léku við HK í kvennaflokki og Álfanes í karlaflokki en þau lið höfðu lent í 2. sæti Kjörísbikarsins 2019. Bæði lið KA unnu Meistarakeppni BLÍ á Hvammstanga í september.

Deildakeppni hófst með hefðbundnu sniði í lok september og gekk keppni nokkuð vel. Eitthvað var þó um tilfærslur á leikjum vegna veðurs í vetur en undir lok tímabils varð að fresta keppnum vegna COVID19.

Þann 3. apríl var öllum mótum á vegum BLÍ var aflýst vegna heimsfaraldurs Kórónuveirunnar. Aðeins náðist að klára eina deild, 1. deild karla á leiktímabilinu. B lið Aftureldingar vann deildarmeistaratitilinn í 1. deild karla en í kvennaflokki 1. deildar varð B lið Aftureldingar einnig meistari þrátt fyrir að 5 leikjum var ólokið.

Mizunodeildunum var aflýst þegar einni umferð var ólokið og tók mótanefnd og stjórn BLÍ þá ákvörðun að lokastaðan myndi standa. Þróttur Nes hampaði deildarmeistaratitli í Mizunodeild karla í fyrsta sinn í sögunni og KA varði deildarmeistaratitilinn í kvennaflokki frá því í fyrra.

Úrslit í neðri deildum Íslandsmótsins fóru ekki fram og því ekki krýndir neinir meistarar í þeim deildum. Lokastaðan í deildunum stendur og er ærið verkefni fyrir mótanefnd að setja upp deildakeppni fyrir næsta keppnistímabil.

Hvorki Íslands- né bikarmeistarar voru krýndir vorið 2020.

Öll úrslit og tölfræði úr leikjum má finna á heimasíðu BLÍ.

Mótanefnd BLÍ

Sigurbjörn Árni Arngrímsson

Andri Hnikarr Jónsson

Óskar Þórðarson

Skýrsla yngriflokkanefndar BLÍ

Í nefndinni starfsárið 2019 – 2020 störfuðu:

Steinn G. Einarsson, formaður

Friðrika Marteinsdóttir

Guðrún Kristín Einarsdóttir

Halldór Elvarsson

Kolbrún Lára Vilhelmsdóttir

Sigríður Þrúður Þórarinsdóttir

Stella I. Steinpórsdóttir

Svandís Þorsteinsdóttir

Mótamál

Keppni í yngri flokkum hófst í haust með móti á Húsavík í byrjun október. Mót voru haldi á Seyðisfirði, Akureyri, Neskaupstað, Kópavogi og Mosfellsbæ. Okkur tókst að ljúka keppni og krýna Íslandsmeistara í 2. og 3. flokki en vegna Covid-19 varð að fella niður lokamót 4. og 5. flokks og voru því ekki krýndir Íslandsmeistarar í ár í þeim flokkum.

Bikarkeppnin í 2.-4. flokki fór fram í Kópavogi í febrúar, ákveðið hafði verið að úrslitaleikir færu líka fram þessa helgi en ekki á úrslitahelgi meistaraflokka eins og hafði verið áður síðustu ár. Það sýndi sig þetta árið að þetta var góð ákvörðun þar sem annars hefði ekki verið hægt að krýna bikarmeistara, þar sem fella varð niður bikarhelgina vegna Covid-19.

Við þurfum samt að stefna að því að úrslitaleikir yngri flokka fari fram sömu helgi og meistaraflokkarnir eru að leika til úrslita enda er gaman fyrir liðin að fá að spila við bestu aðstæður sem við getum boðið uppá.

Nýtt mótakerfi fyrir yngri flokka var notað í vetur en það hafði verið prufukeyrt á Íslandsmótinu í 5.flokki í Mosfellsbæ vorið áður sem og á landsmótum UMFÍ. Mun þægilegra er að vinna með kerfið en það sem var áður. Kerfið var í þróun í vetur og mun þróun halda áfram. Viljum við þakka Oddi Sigurðssyni fyrir virkilega gott samstarf í vetur.

Þjálfararáðstefna CEV

CEV stóð fyrir þjálfararáðstefnu sem var haldin í júní 2019 í Slóveníu um skólablak og blakþróun.

Fulltrúar BLÍ voru þau Natalia Ravva og Andri Hnikarr Jónsson.

Var þetta í fyrsta skipti sem CEV stendur fyrir stórra ráðstefnu í þessum málaflokki en hana sóttu um 100 manns frá 26 löndum. Á ráðstefnunni kynnti CEV skólaverkefnið „Grow with it“ ásamt því að fulltrúar frá Danmörku, Færeyjum, Hollandi, Ítalíu og Belgíu voru með kynningar og fóru yfir það helsta sem hefur verið gert og er verið að gera í krakkablaki í sínum löndum.

Fagráð yngriflokkanefndar (YFN)

Í nóvember 2019 setti BLÍ á laggirnar fagráð sem fékk það hlutverk að gera úttekt á því hvernig staðið er að þjálfun og kennslu í blaki á Íslandi, hvað mætti taka jákvætt úr þeirri vinnu og hverju væri æskilegt að breyta. Fengnir voru 5 reyndir aðilar úr blakheiminum, sem staðsettir eru víðsvegar um landið, til að starfa í ráðinu en fyrir ráðinu fór Andri Hnikarr Jónsson.

Fagráðið skilaði skýrslu um sýna vinnu til BLÍ og YFN í lok janúar. Í framhaldi var ráðinu falið að skoða nánar keppnisfyrirkomulag yngri flokka hjá BLÍ og skilaði ráðið hugmyndum sínum og punktum af þeirri vinnu núna á vordögum.

Í Fagráði YFN sátu Anna María Björnsdóttir, Ana Maria Vidal Bouza, Elsa Sæný Valgeirsdóttir, Lúðvík Kristinsson og Natalia Ravva.

Hæfileikabúðir BLÍ

Hæfileikabúðir BLÍ voru fjölmennar í fyrra og margir þjálfarar komu að þeim. Búðirnar voru haldnar að Varmá í Mosfellsbæ. Auk blakæfinga var á dagskrá bæði næringarfyrirlestur og einnig var Elsa Sæný Valgeirsdóttir með fyrirlestur um meiðsli og æfingar. Um 100 ungmenni mættu í búðirnar alls staðar af landinu. Alls voru 10 þjálfarar í búðunum en þau Ana María Vidal Bouza og Borja Gonzalez Vicente voru yfirþjálfarar.

Þjálfaramenntun

Núna í sumar verða þjálfaranámskeið haldin í fyrsta skipti í langan tíma á vegum BLÍ. Það er okkar trú að þetta sé stórt framfaraskref sem við erum að taka, þar sem við erum að auka alla faglega vinnu með þjálfun barna og unglinga og von okkar er að þetta skili sér í fjölgun iðkenda.

Að lokum viljum við þakka öllum þeim sem komu að vinnu fyrir YFN á síðastliðnum vetri.

F.h yngriflokkanefndar BLÍ

Steinn Guðni Einarsson, formaður

Skýrsla strandblaknefndar

Nefndin starfaði óbreytt yfir sumarið en breyting varð á henni í haust þegar Sigríður Pálsdóttir og Sandra B. Magnúsdóttir stigu frá borði. Er þeim þakkað frábært framlag og óeigingjarnt sjálfboðastarf undanfarin ár. Nýr meðlimur bættist í hópinn, Benedikt Tryggvason (Benni), sem getið hefur sér gott orð sem leikmaður í Mizuno deildinni. Hann spilaði lengst af með Stjórnunni áður en hann gekk í raðir HK. Í dag er Benni í hvíld frá hefðbundnu inniblaki en hefur hafið þjálfaraferil með Álftanesi. Benni er öflugur strandblakari og hefur í dag myndað hóp ungra strandblakara með afreksstarf í huga.

Líkt og undanfarin ár hafa helstu verkefni nefndarinnar verið að skipuleggja og halda mót, vera öðrum mótshöldurum innan handar og að halda utan um stig leikmanna.

Strandblakið er enn í miklum vexti, en fjöldi liða sem skráðu sig til leiks jókst úr 226 í 261 og leiknir voru 614 leikir, sem eru aukning um 134 leiki milli ára. Í fyrsta skipti náðist að fylla í 3 karladeildir á einu móti.

Nýtt strandblaksfélag var stofnað um mitt sumar, Strandblaksfélag Hafnarfjarðar og Garðabæjar, sem hélt eitt mót á nýjum völlum í Garðabæ. Þrír vellir voru opnaðir þar um mitt sumar og hafa verið í stöðugri notkun síðan. Einnig voru vellir í Fagralundi opnaðir aftur með nýjum sandi.

Engin formleg landsliðsverkefni voru á döfinni en vert er að nefna að Ísland hefur á að skipa öflugum kvennaliði, skipað þeim Elísabetu Einarsdóttur og Berglindi Jónsdóttur. Þær stunda sína íþrótt á eigin vegum í Danmörku og fögnuðu sigri í dönsku bikarmótaröðinni í byrjun ágúst, sl.

Þær spiluðu einnig, ásamt Benedikt Tryggvasyni og Bjarka Sveinssyni, á SCA móti í Skotlandi á árinu og kepptu sem landslið Íslands. Elísabet og Berglind unnu mótið í Skotlandi og urðu Evrópumeistarar Smáþjóða. Strandblaksnefndin styrkti keppendur með smá framlagi en stefnan er að auka framlög til afreksstarfs með afrakstri af stigamótum á næstu árum.

Íslandsmótið í strandblaki 2019

Íslandsmótið var haldið í Garðabæ og Laugardal um miðjan ágúst og tóku 54 lið þátt sem er aukning um 20 lið frá fyrra ári.

Íslandsmeistarar í kvennaflokki urðu þær Hulda Elma Eysteinsdóttir og Paula Del Olmo. Annað sæti skipuðu þær Matthildur Einarsdóttir og Líney Inga Guðmundsdóttir en leikinn um í 3. sætið sigruðu þær Laufey Björk Sigmundsdóttir og Heiðbjört Gylfadóttir.

Íslandsmeistarar í karlaflokki urðu þeir Sigbór Helgason og Miguel Mateo Castrillo en þetta er annað árið í röð sem Sigbór er í meistaraliðinu. Gömlu kempurnar, þeir Eiríkur Eiríksson og Emil Gunnarsson tóku 2. sætið en Benedikt Tryggvason og Bjarki Sveinsson náðu 3. sæti.

Í unglingaflokki urðu eftirfarandi lið hlutskörpust:

Stúlkur:

1. Ragnhildur Guðrún Guðmundsdóttir og Magdalena Sigurjónsdóttir
2. Snæfríður Ásta Jónasdóttir og Heiðís Emma Sigurðardóttir
3. Bjargey Guðmundsdóttir og Maya Sjöfn Tipton

Drengir:

1. Axel Helgi Óskarsson og Sebastián Amor Óskarsson
2. Einar Arngeir Heiðarsson og Hlynur Þór Einarsson
3. Patrik Þór Leifsson og Ríkharður Axel Magnússon

Stigameistarar 2019

Karlar - Annað árið í röð tók Janis Novikovs stigameistaratitilinn með töluverðum yfirburðum. Janis hefur verið mjög öflugur undanfarin ár og tekið þátt í fjölmörgum mótum. Janis var duglegur að þjálfra síðasta sumar og gefur mikið af sér til strandblakssamfélagsins.

Konur – Heiðbjört Gylfadóttir (Heiða) stóð uppi sem stigameistari síðasta árs. Heiða er afar reynslumikil og hefur verið dugleg að taka þátt í mótum frá upphafi. Heiða er með alþjóðlega þjálfaragráðu í strandblaki og er glæsileg fyrirmynd fyrir unga strandblakara.

Lokaorð

Strandblak er í mikilli sókn á Íslandi. Ljóst er á nýtingu valla í byrjun sumars 2020 að fleiri velli vantar á höfuðborgarsvæðið. Með mikilli fjölgun fylgir aukinn þrýstingur á að hægt verði að spila strandblak allt árið um kring. Vonandi verður heilsársaðstaða að veruleika innan skamms.

Fyrir hönd strandblaksnefndar BLÍ, Guðmundur Hauksson

Skýrsla landsliðsnefndar

Landsliðsnefnd BLÍ skipa Stefán Jóhannesson, formaður, Kristján Geir Guðmundsson og Steinn Einarsson. Nefndin starfaði bæði með formlegum og óformlegum hætti. Meginverkefni nefndarinnar er stefnumótun fyrir A- landsliðin, ráðning landsliðspjálfa og aðstoð og umsýsla við landsliðsverkefni innandyrna sem utan. Einnig er undir hatti nefndarinnar að halda utan um unglingalandsliðsmál.

Afreksmál Blaksambandsins Íslands hafa verið í jafnvægi á þessu ári. A landsliðin okkar tóku þátt í riðlakeppni EM sem kláraðist í janúar 2019 og það verkefni mjög gott fyrir liðin til að sjá hvar við stöndum í Evrópu. Þrátt fyrir tap í öllum leikjum liðanna var þátttakan mikilvæg fyrir Íslands þó svo að fjárhagslega hafi tapið verið mikið, sérstaklega þar sem gistikostnaður á Íslandi er hreinlega alltof hár.

Alls kepptu 110 leikmenn í landsleikjum á árinu í 42 leikjum. Í kringum liðin hafa á bilinu 30-40 manns komið að þjálfun, skipulagningu og fagteymismálum.

Aftur fórum við að sjá strandblaklandslið í keppnum á árinu en Berglind og Elísabet náðu saman aftur í sumar og tóku þátt í dönsku mótaröðinni og svo í World Tour í Liechtenstein. Þær kepptu svo ásamt Bjarka Sveinssyni og Benedikt Tryggva Baldurssyni í EM SCA og urðu Berglind og Elísabet meistara í því móti. Kepptu þær einnig í stigamóti FIVB í Kína í nóvember.

U16 landslið kvenna (elsti árgangur 2004)

Hélt til Þórshafnar í Færeyjum í EM Smáþjóða frá 4.-6. janúar. Þetta var lokamót keppninnar og spilaði Ísland í riðli ásamt Svíþjóð og Finnlandi. Liðið spilaði þarna við sterk lið í þessu móti en þátttakan var gríðarlega mikilvæg fyrir reynslubanka ungra leikmanna íslenska landsliðsins. Eftir tvö töp í riðlinum spilaði liðið við heimastúlkur í Færeyjum í fjórðungsúrslitum en tapaði þeim leik 3-1. Liðið spilaði um 5. Sætið gegn Írlandi og tapaðist sá leikur 3-1.

Úrslit

- 4.1.2019. Finnland-Ísland 3-0 (25-11, 25-11, 25-14)
- 4.1.2019 Svíþjóð-Ísland 3-0 (25-13, 25-12, 25-14)
- 5.1.2019 Færeyjar-Ísland 3-1 (25-17, 25-18, 20-25, 25-21)
- 6.1.2019 Írland-Ísland 3-1 (25-13, 7-25, 25-23, 25-18)

Þjálfarar voru Sladjana Smiljanic og Lárus Jón Thorarensen. Sjúkrþjálfari liðsins var Kristín B. Reynisdóttir og fararstjóri liðsins var Linda Björg Helgadóttir.

Leikmenn: Agnes Björk Ágústsdóttir, Anna Brynja Agnarsdóttir, Anna Móberg Herbertsdóttir, Embla Rós Ingvarsdóttir, Gígja Ómarsdóttir, Heba Sól Stefánsdóttir, Heiðís Edda Lúðvíksdóttir, Helena Einarsdóttir, Lejla Sara Hadziredzepovic, Rebekka Sunna Sveinsdóttir, Sóldís Björt Leifsdóttir Blöndal, Svanfríður Guðný Þorleifsdóttir.

U17 ára landslið kvenna (elsti árgangur 2004)

Ákveðið var að skrá lið til keppni til leiks í **Evrópumóti U17 2020**. Undankeppnir mótsins fóru fram á svæðum innan Evrópu og tók liðið þátt í móti í byrjun september 2019 í Köge í Danmörku. Liðið spilaði í riðli með Dönum og Svíum en um er að ræða sama aldur og var í mótinu í Færeyjum í janúar. Í hinum riðlinum voru Írar, Finnar og Norðmenn.

Þetta unga íslenska landslið stóð sig vel í mótinu en eftir erfiða byrjun í tapleik gegn Dönum tók við góður leikur gegn Svíum þar sem Ísland vann sína fyrstu hrinu í mótinu. Svíar unnu leikinn og ljóst að Ísland myndi spila gegn Írum um 5. sætið. Ísland vann þann leik 3-1 og hafnaði í 5. sæti.

Úrslit

13.9.2019	Danmörk-Ísland 3-0 (25-9, 25-12, 25-12)
14.9.2019	Svíþjóð-Ísland 3-1 (19-25, 25-22, 25-16, 25-14)
15.9.2019	Írland-Ísland 1-3 (11-25, 16-25, 25-19, 22-25)

Þjálfarar voru Ingólfur Hilmar Guðjónsson og Lúðvík Kristinsson. Sjúkrþjálfari liðsins var Kristín B. Reynisdóttir og fararstjóri liðsins var Linda Björg Helgadóttir.

Leikmenn: Helena Einarisdóttir, Heiðdís Edda Lúðvíksdóttir, Gígja Ómarsdóttir, Ásdís Rán Kolbeinsdóttir, Katla Logadóttir, Heba Sól Stefánsdóttir, Lelja Sara Hadziredzepovic, Margrét Brynja Hlökkversdóttir, Embla Rós Ingvarsdóttir, Söldís Björt Leifsdóttir Blöndal, Matthildur Jónsdóttir, Svanfríður Guðný Þorleifsdóttir.

U17 landsliðin (elsti árgangur 2002)

Undirbúningur fyrir þátttöku karla og kvennaliða Íslands í U17 í IKAST gekk vel en mótið er haldið dagana 14.-17. október í Danmörku.

Drengjaliðinu gekk vel í þessu móti en liðið byrjaði á að því að vinna Færeyjar 3-0 en tapa gegn Dönum sama dag. Frábær leikur liðsins gegn Englandi skilaði þeim sigri 3-2 en daginn eftir tapaði liðið gegn Noregi 3-2 og síðar sama dag vann Ísland lið Svíþjóðar sem vann síðan mótið í lokin. Ísland endaði í 3. sæti af 6 liðum og spilaði um bronsið í mótinu gegn Danmörku. Þar unnu heimamenn og Ísland því í 4. sætinu sem er frábær árangur.

Úrslit

14.10.2019	FAR-ISL 0-3 (23-25, 25-27, 19-25)
14.10.2019	DEN-ISL 3-1 (25-11, 20-25, 28-26, 25-17)
15.10.2019	ISL-ENG 3-2 (25-15, 24-26, 19-25, 25-20, 15-10)
16.10.2019	NOR-ISL 3-2 (21-25, 22-25, 25-14, 25-5, 15-11)
16.10.2019	SWE-ISL 0-3 (20-25, 24-26, 21-25)
17.10.2019	ISL-DEN 0-3 (15-25, 20-25, 17-25)

Þjálfarar voru Lárus Jón Thorarensen og Sladjana Smiljanic en Nicolaj Svendsen var sjúkrþjálfari liðsins. Fararstjóri var Halldóra Margrét Bjarnadóttir.

Leikmenn: Patrick G. Bors, Sölvi Páll Sigurpálsson, Bjarni Hólmsteinsson, Sigurður Bjarni Kristinsson, Kári Eydal, Elvar Breki Árnason, Sigvaldi Örn Óskarsson, Elvar Örn Halldórsson, Valens Torfi Ingimundarson, Hlynur Karlsson, Hermann Hlynsson, Börkur Marinósson.

Stúlknaliðinu gekk ágætleg í þessu móti en liðið átti frábæran fyrsta leik gegn Noregi sem tapaðist því miður 3-2. Önnur lið í riðlinum voru Færeyjar og Grænland. Ísland tapaði fyrir Færeyjum en vann lið Grænlands og

endaði í þriðja sæti riðilsins og spiliðu við England í fjórðungsúrslitum. Sá leikur tapaðist og liðið spilaði því um 5.-7 sæti. Liðið náði að hefna fyrir tapið í fyrsta leiknum með sigri á Noregi 3-2 og svo unnu stelpurnar Grænland 3-0 og þar með endaði liðið í 5. Sæti mótsins.

Úrslit

14.10.2019	NOR-ISL 3-2 (26-24, 25-22, 25-27, 18-25, 15-10)
14.10.2019	FAR-ISL 3-1 (25-23, 25-20, 20-25, 25-13)
15.10.2019	ISL-GRL 3-0 (25-7, 25-15, 25-9)
16.10.2019	ENG-ISL 3-1 (25-16, 25-20, 17-25, 25-20)
17.10.2019	ISL-GRL 3-0 (25-14, 26-24, 25-23)
17.10.2019	ISL-NOR 3-2 (23-25, 25-12, 25-13, 23-25, 15-8)

Þjálfarar liðsins voru Borja Gonzalez Vicente og Thelma Dögg Grétarsdóttir en Nicolaj Svendsen var sjúkráþjálfari liðsins. Fararstjóri var Halldóra Margrét Bjarnadóttir.

Leikmenn: Líney Inga Guðmundsdóttir, Arna Sólrún Heimisdóttir, Valdís Unnur Einarsdóttir, Katla Hrafnisdóttir, Ester Rún Jónsdóttir, Jóna Margrét Arnarsdóttir, Heiðbrá Björgvinsdóttir, Embla Rós Ingvarsdóttir, Freyja Karín Þorvarðardóttir, Sólís Björt Leifsdóttir Blöndal, Heba Sól Stefánsdóttir, Gígja Ómarsdóttir.

Dómari fyrir hönd Íslands í mótinu var alþjóðadómarinn Jón Ólafur Valdimarsson.

U19 landsliðin (elsti árgangur 2000)

Undirbúningur fyrir þátttöku karla og kvennaliða Íslands í U19 í Kuortane í Finnlandi gekk vel og voru hópar valdir um miðjan október. Mótið var dagana 25.-27. október.

U19 karla var skipað leikmönnum víðsvegar að landinu og voru sumir þeirra einmitt í A landsliðinu nokkrum vikum fyrr. Liðinu gekk frábærlega í mótinu og enduðu í 5. sæti sem er góður árangur miðað við mörg önnur ár á undan.

Úrslit

25.10.2019	FIN-ISL 3-0 (25-13, 25-18, 25-17)
25.10.2019	ISL-DEN 2-3 (25-19, 25-16, 18-25, 18-25, 16-18)
26.10.2019	ENG-ISL 3-0 (25-12, 25-21, 25-21)
26.10.2019	ISL-FER 3-1 (25-23, 17-25, 25-21, 25-19)
27.10.2019	ENG-ISL 2-3 (25-19, 26-28, 25-19, 20-25, 17-19)

Þjálfarar liðsins voru Tihomir Paunovski og Egill Þorri Arnarsson en sjúkráþjálfari liðsins var Mundína Ásdís Kristinsdóttir. Fararstjóri var Sigríður Þrúður Þórarinsdóttir.

Leikmenn: Andri Snær Sigurjónsson, Galdur Máni Davíðsson, Sigvaldi Örn Óskarsson, Elvar Örn Halldórsson, Markús Ingi Matthíasson, Valens Torfi Ingimundarson, Kári Kresfelder Haraldsson, Gísli Marteinn Baldvinsson, Þórarinn Örn Jónsson, Hilmir Berg Halldórsson, Hafsteinn Sigurðsson, Hermann Hlynsson.

U19 kvenna var skipað leikmönnum úr 6 félögum víðs vegar um landið. Nokkrir leikmenn hafa reynslu úr A landsliðinu og var talið liðið vera gott. Því miður settu meiðsli strik í reikninginn hjá liðinu snemma í mótinu en mikilvægir leikmenn duttu út með alvarleg meiðsli og átti liðið því erfitt uppdráttar í mótinu og endaði í neðsta sæti.

Úrslit

25.10.2019 ISL-SWE 0-3 (8-25, 13-25, 8-25)
 25.10.2019 NOR-ISL 3-1 (25-18, 25-21, 20-25, 25-21)
 26.10.2019 FÆR-ISL 3-1 (17-25, 25-22, 25-20, 25-17)
 27.10.2019 ISL-ENG 1-3 (26-28, 14-25, 25-18, 23-25)

Þjálfarar liðsins voru Borja Gonzalez Vicente og Ragnar Ingi Axelsson. Sjúkraþjálfari liðsins var Mundína Ásdís Kristinsdóttir og fararstjóri Sigríður Þrúður Þórarinsdóttir.

Leikmenn: Líney Inga Guðmundsdóttir, Sara Ósk Stefánsdóttir, Daníela Grétarsdóttir, Arna Sólrún Heimisdóttir, Matthildur Einarsdóttir, Birta Rós Þrastardóttir, Eldey Hrafnisdóttir, Kristín Fríða Sigurborgardóttir, Tinna Rut Þórarinsdóttir, Amelía Rún Jónsdóttir, Valdís Kapitola Þorvarðardóttir, Auður Líf Benediksdóttir.

Dómarar fyrir Íslands hönd í mótinu voru alþjóðadómarinn Sævar Már Guðmundsson og landsdómarinn Árni Jón Eggertsson.

Karlalandsliðið

Liðið byrjaði árið með erfiðri ferð til Moldovu í riðlakeppni EM. Liðið spilaði leikinn í Futsal Arena Chisinau þann 6. janúar. Liðið spilaði svo síðasta leikinn sinn í Evrópukeppninni í Digranesi 9. Janúar gegn Slóvakíu. Það var ljóst að þegar leikið er svona á miðju tímabili að leikmenn virðast í betra leikformi og átti liðið góða spretti í þessum tveimur leikjum í Janúar.

Allir leikir liðsins í riðlinum töpuðust enda liðin í svokölluðum A og B flokki landsliða í Evrópu. Þátttakan er hins vegar gríðarlega mikilvæg fyrir landsliðið sem sýndi á köflum að það er að styrkjast.

Úrslit í C riðli

15.8.2018. Slóvakía-Ísland 3-0 (25-7, 25-15, 25-17)
 19.8.2018 Ísland-Moldova 0-3 (12-25, 11-25, 22-25)
 22.8.2018 Svartfjallaland-Ísland 3-0 (25-15, 25-20, 25-15)
 26.8.2018 Ísland-Svartfjallaland 0-3 (20-25, 20-25, 21-25)
6.1.2019 Moldova-Ísland 3-0 (25-17, 25-18, 25-11)
9.1.2019 Ísland-Slóvakía 0-3 (18-25, 18-25, 20-25)

Þjálfarar voru Christophe Achten og Massimo Pistoia. Sjúkraþjálfari liðsins var Sigurður Örn Gunnarsson en fararstjórar liðsins voru Stefán Jóhannesson og Valdimar Hafsteinsson.

Leikmenn: Bjarki Benediktsson, Lúðvík Már Matthíasson, Kristján Valdimarsson, Benedikt Baldur Tryggvason, Hafsteinn Valdimarsson, Alexander Arnar Þórisson, Sigþór Helgason, Galdur Máni Davíðsson, Máni Matthíasson, Ragnar Ingi Axelsson, Arnar Birkir Björnsson, Theódór Óskar Þorvaldsson og Ævarr Freyr Birgisson.

Smáþjóðaleikarnir í Svartfjallalandi

Liðið hélt áfram undirbúningi sínum fyrir Smáþjóðaleikana í byrjun maí. Æfingamagni jókst til muna og var æft á hverjum degi fyrstu vikuna í maí og endað á æfingahelgi á Akureyri. Fríðagar komu inn á milli en síðan var æft á fullu fram að brottför 26. maí.

Landsliðið sem fór á Smáþjóðaleikana var vel mannað og þjálfararnir fóru bjartsýnir til leiks í mótið. Þó var vitað að keppnin í Svartfjallalandi yrði sterkari en oft áður á leikunum þar sem Svartfellingar hafa á að skipa gríðarlega sterku liði. Strákarnir gerðu hinsvegar frábæra hluti í fyrstu hrinu og unnu hana 23-25 á móti Svartfjallalandi og settu tóninn fyrir mótið þrátt fyrir tap í leiknum.

Íslenska liðið spilaði vel á löngum köflum í öllum leikjum en úrslitin dattu ekki með strákunum. Liðið tapaði öllum sínum leikjum þrátt fyrir gott spil en eins og áður segir var mótið óvenju jafnt þar sem öll liðin voru frekar jöfn á getu, nema kannski Svartfjallaland sem fór létt í gegnum mótið.

Úrslit á Smáþjóðaleikum 2019

28.5.2019 Montenegro-Ísland 3-1 (23-25, 25-20, 25-21, 25-14)
 29.5.2019 Ísland-San Marino 1-3 (25-21, 19-25, 21-25, 20-25)
 30.5.2019 Luxemborg-Ísland 3-1 (25-16, 24-25, 25-17, 25-17)
 31.5.2019 Ísland-Mónakó 1-3 (25-15, 16-25, 21-25, 22-25)
 1.6.2019 Kýpur-Ísland 3-0 (25-15, 25-13, 25-16)

Þjálfarar voru Christophe Achten og Massimo Pistoia. Sjúkrþjálfari liðsins var Sigurður Örn Gunnarsson og leikgreinandi var Ari Heikki Kulmala. Liðsstjóri Óli Þór Júlíusson.

Leikmenn: Bjarki Benediktsson, Lúðvík Már Matthíasson, Kristján Valdimarsson, Benedikt Baldur Tryggvason, Hafsteinn Valdimarsson, Alexander Arnar Þórisson, Filip Pawel Szewczyk, Valens Torfi Ingimundarson, Elvar Örn Halldórsson, Máni Matthíasson, Ragnar Ingi Axelsson, Arnar Birkir Björnsson, Theódór Óskar Þorvaldsson og Ævarr Freyr Birgisson.

Færeyjar 2019

Íslenska karlalandsliðið fór í **lokakeppni EM Smáþjóða** í Færeyjum í byrjun október. Um nokkuð óvenjulega dagsetningu á mótinu var að ræða og landskeppnir þegar byrjaðar í Evrópu. Undirbúningur fyrir verkefnið var mjög lítill og ljóst að nokkuð var um breytingar í leikmannahópnum.

Mótið fór fram í Færeyjum dagana 4.-6. október 2019.

Íslenska landsliðið mætti ferskt til leiks í mótinu og átti frábæran fyrsta leik á móti Skotum. Í fyrsta sinn spilaði landsliði með nýja blakboltann frá Mikasa en sá verður aðalbolti Ólympíuleikanna í Tokyo 2020. Ísland vann Skotland 3-1 í fyrsta leik og mætti svo Grænlandi daginn eftir sem vannst 3-0. Í lokaleik mótsins spilaði Ísland við Færeyjar og var um hálfgerðan úrslitaleik að ræða. Ísland þurfti þrjú stig úr leiknum til að hampa gullinu sem gekk ekki eftir þar sem Færeyingar unnu 3-1.

Ísland sat með sárt ennið í bronssetinu eftir mótið en Skotar unnu mótið á hrinuhlutfalli við Færeyjar og Ísland en öll liðin voru með jafnmörg stig og Ísland með versta stigahlutfallið. Hver hefði trúað því að Grænland, sem spilaði best á móti Íslandi, myndi ráða úrslitum mótsins 😊

Úrslit

4.10.2019 ISL-SCO 3-1 (19-25, 25-22, 25-23, 25-22)
 5.10.2019 ISL-GRL 3-0 (26-24, 25-21, 25-20)
 6.10.2019 FÆR-ISL 3-1 (25-22, 21-25, 25-22, 25-22)

Þjálfarar liðsins voru Filip Pawel Szewczyk og Miguel Mateo Castrillo. Fararstjóri var Jason Ívarsson og alveg ljóst að hann rataði um allt í Færeyjum.

Leikmenn: Ragnar Ingi Axelsson, Birkir Freyr Elvarsson, Máni Matthíasson, Hilmir Berg Halldórsson, Kristján Valdimarsson, Elvar Örn Halldórsson, Galdur Máni Davíðsson, Valens Torfi Ingimundarson, Gunnar Pálmi Hannesson, Þórarinn Örn Jónsson og Bjarki Benediktsson.

Alþjóðadómariinn Sævar Már Guðmundsson dæmdi í mótinu fyrir hönd Íslands.

Í **lok ársins** hófust landsliðsæfingar að nýju þar sem landsliðið fór á boðsmót til Luxemborgar í upphafi árs 2020. Íslenska karlalandsliðið spilaði þar við heimamenn í Luxemborg, England og Skotland. Eftir tap gegn Englandi

1-3 í fyrsta leik mótsins náði Ísland að vinna Skotland 3-1. Ísland tapaði svo fyrir Luxemborg í lokaleik liðsins 3-0 og hafnaði liðið í þriðja sæti mótsins.

Þjálfarar karlalandsliðsins voru þeir Tihomir Paunovski, Egill Þorri Arnarsson og sjúkráþjálfari var Bjartmar Birnir.

Leikmenn: Kristófer Björn Ólason Proppé, Bjarki Benediktsson, Lúðvík Már Matthíasson, Galdur Máni Davíðsson, Sigbór Helgason, Hafsteinn Valdimarsson, Ragnar Már Garðarsson, Þórarinn Örn Jónsson, Máni Matthíasson, Bjarki Sveinsson, Ævarr Freyr Birgisson, Elvar Örn Halldórsson, Kári Hlynsson og Arnar Birkir Björnsson.

Kvennalandsliðið

Liðið byrjaði árið með útileik gegn Slóveníu í riðlakeppni EM. Liðið spilaði leikinn í Maribor í Slóveníu þann 5. Janúar 2019 og tapaði honum 3-0. Lokaleikur liðsins í riðlinum var í Digranesi þann 9. Janúar gegn mjög sterku liði Belgíu.

Allir leikir liðsins í riðlinum töpuðust enda liðin í svokölluðum A og B flokki landsliða í Evrópu. Þátttakan er hins vegar gríðarlega mikilvæg fyrir landsliðið sem sýndi á köflum að það er að styrkjast.

Úrslit í A riðli

15.8.2018. Belgía-Ísland 3-0 (25-4, 25-8, 25-10)
 19.8.2018 Ísland-Slóvenía 0-3 (18-25, 16-25, 13-25)
 22.8.2018 Ísrael-Ísland 3-0 (25-19, 25-20, 25-18)
 26.8.2018 Ísland-Ísrael 0-3 (11-25, 12-25, 18-25)
5.1.2019 Slóvenía-Ísland 3-0 (25-12, 25-11, 25-12)
9.1.2019 Ísland-Belgía 0-3 (4-25, 7-25, 6-25)

Þjálfarar voru Borja Gonzalez Vicente og Ana Maria Vidal Bouza. Sjúkráþjálfari liðsins var Mundína Ásdís Kristinsdóttir en fararstjóri liðsins var Berglind Valdimarsdóttir.

Leikmenn: Gígja Guðnadóttir, Tinna Rut Þórarinsdóttir, Hildur Davíðsdóttir, Heiða Elísabet Gunnarsdóttir, Rósa Dögg Ægisdóttir, Líney Inga Guðmundsdóttir, Birta Björnsdóttir, Sara Ósk Stefánsdóttir, Matthildur Einarsdóttir, Thelma Dögg Grétarsdóttir, Eldey Hrafnisdóttir, Erla Rán Eiríksdóttir, Hanna María Friðriksdóttir, Kristina Apostolova og Elísabet Einarsdóttir.

Smáþjóðaleikarnir í Svartfjallalandi

Liðið hélt áfram undirbúningi sínum fyrir Smáþjóðaleikana í byrjun maí. Æfingamagnið jókst til muna og var æft á hverjum degi fyrstu vikuna í maí og var tekin æfingahelgi í Reykjanesbæ um miðjan mánuðinn. Frídagur komu inn á milli en síðan var æft á fullu fram að brottför 26. maí.

Landsliðið sem fór á Smáþjóðaleikana var vel mannað og þjálfararnir fóru bjartsýnir til leiks í mótið með augun á verðlaunasæti. Eftir slæmt tap í fyrsta leiknum gegn Kýpur lá leiðin upp á við. Liðið vann San Marino, Luxemborg og Liechtenstein og tryggði sér þar með bronsið í mótinu.

Íslenska liðið spilaði vel í öllum leikjum en úrslitin dattu ekki með stelpunum á móti Kýpur og Svartfjallalandi.

Úrslit á Smáþjóðaleikum 2019

28.5.2019 Kýpur-Ísland 3-0 (25-18, 25-15, 25-23)
 29.5.2019 Ísland-San Marino 3-0 (26-24, 25-16, 25-11)
 30.5.2019 Luxemborg-Ísland 2-3 (25-12, 25-22, 17-25, 21-25, 11-15)

31.5.2019 Liechtenstein-Ísland 0-3 (17-25, 15-25, 21-25)

1.6.2019 Ísland-Montenegro 0-3 (13-25, 19-25, 21-25)

Þjálfarar voru Borja Gonzalez Vicente, Lárus Jón Thorarensen og Antonio Garcia De Alcaraz. Sjúkraþjálfari liðsins var Mundína Ásdís Kristinsdóttir en fararstjóri liðsins var Berglind Valdimarsdóttir.

Leikmenn: Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir, Hulda Elma Eysteinsdóttir, Helena Kristín Gunnarsdóttir, Hjördís Eiríksdóttir, Birta Björnsdóttir, Sara Ósk Stefánsdóttir, Matthildur Einarsdóttir, Thelma Dögg Grétarsdóttir, Særún Birta Eiríksdóttir, Unnur Árnadóttir, Velina Apostolova, Gígja Guðnadóttir, Kristina Apostolova og Ana Maria Vidal Bouza

Í lok ársins hófust landsliðsæfingar að nýju þar sem landsliðið fór á boðsmót til Luxemborgar í upphafi árs 2020. Íslenska kvennalandslíðið spilaði við heimastúlkur í Luxemborg, England og Skotland. Ísland vann góðan 3-1 sigur gegn Skotlandi í fyrsta leik en liðið tapaði svo fyrir Englandi daginn eftir 3-0. Í lokaleiknum vann Luxemborg 3-1 og hafnaði Ísland því í þriðja sæti mótsins líkt og strákarnir.

